



## Jafnlaunastefna Akraneskaupstaðar Akraneskaupstaður

Jafnlaunastefna þessi tekur til Akraneskaupstaðar sem sameiginlegs vinnustaðar starfsfólks á bæjarskrifstofu og í stofnunum kaupstaðarins, auk starfsfólks Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis og kveður á um markmið og aðgerðir til að tryggja starfsfólki hans þau réttindi sem kveðið er á um í 189. grein laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna jafnréttislaga nr. 10/2008 150/2020.

Jafnlaunastefnan er órjúfanlegur hluti af launastefnu Akraneskaupstaðar og Höfða.

Akraneskaupstaður og Höfði greiðir laun eftir umfangi og eðli starfa og taka þau mið af þeim kröfum sem störf gera um þekkingu, hæfni og ábyrgð. Forsendur launaákvörðana eru að þær séu í samræmi við kröfur starfakjarasamninga, studdar rökum og tryggi að einstaklingum konum og körlum skuluséu greidd jöfn laun og þeir skulu njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Frávik þurfa því að vera að vera á málefnalegum forsendum og skýranleg með vísan til forsendna launaákvörðunar.

Jafnlaunastefna er hluti af jafnréttisáætlun Akraneskaupstaðar þar sem sérstaklega eru settar fram aðgerðir til að tryggja launajafnrétti. Þar segir að við ákvörðun launa skuli þess gætt að kynjum sé ekki mismunað. Einstaklingar skulu fá greitt fyrir störf sín óháð kyni, kynvitund eða öðrum ómálefnalegum ástæðum.

Til þess að fylgja eftir jafnlaunastefnu Akraneskaupstaðar skuldbindur hann sig til að:

- Innleiða, skjalfesta og viðhalda jafnlaunakerfi í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85 og öðlast vottun í samræmi við lög 56/2017 um jafnlaunavottun.
- Framkvæma árlega launagreiningu innan kaupstaðarins.
- Bregðast við óútskýrðum launamun, sé hann til staðar, með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Árlega skal fara fram innri úttekt og rýni stjórnenda.



Akraneskaupstaður

- Fylgja lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma og staðfesta árlega af yfirstjórn að þeim sé hlítt.
- Kynna árlega niðurstöður launagreininga og jafnlaunastefnu fyrir starfsmönnum Akraneskaupstaðar og Höfða.
- Stefnan skal vera aðgengileg á heimasíðu Akraneskaupstaðar.

**Samþykkt í bæjarráði bæjarstjórn Akraness þann xx. janúar 12. janúar 2022**

**Samþykkt í bæjarstjórn Akraness þann xx.yy. 2022**

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,



Sævar Freyr Þráinsson

bæjarstjóri